



ársskýrsla 2015



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI
www.simenntun.is

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	5
Starfsfólk	6
Starfsstöðvar	7
EQM gæðakerfið	7
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	8
Rekstur	
Tölfræðiupplýsingar úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar	
Formlegir samstarfsaðilar	14
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Yfirlit yfir starfsráðgjöf FA árið 2015	
Náms- og starfsráðgjöf	17
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Raunfærnimat.	22
Fjölmennt	24
Samstarfsverkefni	27
Innlend	
Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur	
Fræðslustjóri að láni	
Erlend	
Young Women Orientation for Labor Integration	
TELE – Teaching Entrepreneurship – Learning Entrepreneurship	
Yfirlit yfir fjarpróf	32
Úr ýmsum áttum	34
Leiðbeinendur og kennsluaðferðir	
Tengslanet símenntunarmiðstöðvanna	
Staða fullorðinsfræðslu í Evrópu	
Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu	
Niðurlag	38

Ávarp formanns stjórnar

Í febrúar árið 1999 fæddist á Vesturlandi barn sem fékk nafnið „Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi“; barnið er því rétt nýbúið að fagna 17 ára afmælisdegi sínum. Á þessum tíma hefur barnið Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi lært að skríða og matast, það hefur lært að ganga óstutt yfir fjöll og dali. Barnið hefur lært að tala og eiga í samskiptum við ýmsa samferðamenn og ættingja. Barnið hefur lært að nærast og næra aðra, gefa og þiggja, það hefur aukið við sig jafnt og þétt í eigin hæfni. Í dag er barnið ekki lengur barn heldur glæsilegt ungmenni og komið með bílpróf.



Það er eflaust hálf hjákátlegt að líkja stofnun eins og Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi við lifandi einstakling og þó ekki. Á sínum tíma kviknaði hugmynd að skóla sem myndi miðla fræðslu til fullorðinna og líf varð til. Líf sem hefur fengið gott atlæti hjá sínum forráðamönnum og fengið að vaxa og dafna. Stofnanir eru nefnilega ekki bara stafur á blaði. Innan veggja, já eða í æðum stofnana iðar allt af lífi; lífi sem hefur lært að feta sig áfram í takt við gildandi lög og reglur, allt til þess gert að vinna af heilum hug með samferðafólki sínu að bættum hag allra.

Við lifum á tímum aukinnar hnattvæðingar og fjölmennningarlegt samfélag er komið til að vera. Móðir náttúra skapaði okkur öll á mismunandi máta, hvert og eitt okkar, öll fengum við okkar mismunandi hlutverk og færni. Við fæðumst hlutlaus, með ríkulegt magn af æðruleysi og umburðarlyndi. Umhverfi okkar tekur svo þátt í því að móta okkur sem einstaklinga, forma skoðanir okkar og um leið að draga fram styrkleika okkar, hvers og eins. Öll erum við einstök á okkar hátt. Það sama má segja um öll fyrirtæki og stofnanir. Í upphafi er lagt upp með ákveðna sýn og markmið, almennt atlæti vegur þó hvað þýngst um það hvernig tekst til við uppeldið.

Ungmennnið Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi hefur svo sannarlega fengið gott atlæti og leiðsögn frá upphafi. Í Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi eiga sér allir góðan, traustan vin, óháð aldri, kyni, þjóðerni, venjum, trúfélagi eða öðru. Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi eru allir vegir færir og þar kemur bílprófið sér vel!

Það er einlæg ósk mín að Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi haldi áfram að dafna og vaxa, eins og hvert annað ungmenni, undir nærandi atlæti starfsmanna, samstarfsaðila og ekki síst allra þeirra fjölmörgu vina sem hún á.

Guðrún Lárusdóttir

Endurmenntunarstjóri Lbhí og
formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa sex aðalmenn stjórn og sex til vara. Eftirtalin skipa stjórnina starfsárið 2015-2016:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
Fjölbautaskóli Vesturlands	Ágústa Elín Ingþórsdóttir	Dröfn Viðarsdóttir
Fyrirtæki/stofnanir	Guðjón Brjánsson	Rósa Guðmundsdóttir
Háskólinn á Bifröst	Magnús Smári Snorrason	Sigrún Jónsdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Kristín Björg Árnadóttir	Hrefna B. Jónsdóttir
Stéttarfélagin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á árinu 2015 voru haldnir þrír stjórnarfundir. Aðalfundurinn var haldinn sameiginlega með stofnunum í stoðkerfinu á Vesturlandi þann 25. mars 2015. Þetta fyrirkomulag hefur verið síðustu tvö ár og gefist vel.



Svipmyndir frá aðalfundi Símenntunarmiðstöðvarinnar 2015.

Starfsfólk

Þann 31. desember 2015 voru sex starfsmenn á launaskrá í 5,4 stöðugildum:

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, 100% starfshlutfall
Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, 100 % starfshlutfall
Hekla Gunnarsdóttir verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Helga Björk Bjarnadóttir verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Hörður Baldvinsson verkefnastjóri, 50% starfshlutfall
Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri, 85% starfshlutfall



Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar. Myndin er tekin í september 2015.

Helga Lind Hjartardóttir lét af störfum 1. september, en hún hafði umsjón með starfsstöð Símenntunarmiðstöðvarinnar á Snæfellsnesi.

Helgu Lind eru þökkuð vel unnin störf í þágu Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.

Auk fastráðinna starfsmanna eru að meðaltali um 100 verktakar sem starfa við kennslu og önnur verkefni á ári hverju hjá stofnuninni.

Starfsstöðvar

Símenntunarmiðstöðin rak þrjár starfsstöðvar á Vesturlandi fram á mitt ár 2015, þ.e. á Akranesi, í Borgarnesi og Áttthagastofu Snæfellsbæjar í Ólafsvík.

Þegar Helga Lind lét af störfum ákvað stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar að bíða til ársins 2016 með ráðningu í hennar stað. Af þeim sökum var leigusamningi við Áttthagastofu Snæfellsbæjar sagt upp.

EQM gæðakerfið

Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar vinnur samkvæmt EQM gæðakerfinu, en það var innleitt árið 2012 og Símenntunarmiðstöðin fékk formlega vottun 11. febrúar 2013. EQM byggist á sjálfsmati sem er yfirfarið af viðurkenndum úttektaraðila sem kemur með ábendingar og umbætur á meðan úttektarferlið stendur yfir og skilar í kjölfarið úrbótaskýrslu og tímaáætlun. EQM tekur m.a. mið af gæðum þjónustunnar, innri gæðastjórnun, verklagsreglum og hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.



GÆÐAVOTTUN
FRÆDSLUAÐILA

BSI á Íslandi ehf. hefur gert árlegar úttektir á Símenntunarmiðstöðinni sem hefur staðist þær með ágætum. Innleiðing gæðakerfisins kallar á breytt vinnubrögð og gerir starfsfólk meðvitaðra um að bæta stöðugt starfshætti og verkferla.

Alls hafa sextán fræðslustofnanir á Íslandi hlotið EQM vottun.



„Ég hef starfað í múrverki hjá múrara-meistara hér í Borgarnesi síðan 1997 en vandamálið er að mig hefur skort réttindi í faginu. Það er meira



en að segja það að rífa sig upp með fjölskyldu og flytja til Reykjavíkur til þess að taka þriggja ára nám í Tækniskólanum og því var það mjög ánægjulegt þegar farið var af stað með verkefnið Tæknistöðir hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi. Þá sá ég möguleikann á því að taka það nám sem ég þyrfti meðfram vinnu. Nú er ég á annarri önn og líkar námið mjög vel. Þetta er í einu orði sagt snilld! Kennslan er persónuleg og góð, það er alltaf hægt að leita til kennaranna ef maður þarf á að halda og nemendahópurinn er samheldinn og við vinnum vel saman. Á þessari önn er ég að læra iðnreikning, grunnteikningu 2, CNC - tölvutækar iðnvélar og efnafræði. Í byrjun febrúar á þessu ári fór ég síðan í raunfærnimat og það gekk mjög vel. Þetta er auðvitað mikil vinna með fullri daglegri vinnu en er sannarlega þess virði. Ég hef vonir um að geta farið í sveinsprófið á næsta ári og í framhaldinu stefni ég síðan á meistararéttindi.“




Freyr Ágústsson,
Borgarnesi

Starfsemi Símenntunar- miðstöðvarinnar í tölum

Rekstur



Skipting tekjuliða 2015



„Ég bjó á Þingeyri en fluttist til Grundarfjarðar árið 2005. Ég hafði náð mér í ýmiskonar þjálfararéttindi og nýtti mér þau til íþrótt- og sundkennslu á Þingeyri. Þegar ég fluttist til Grundarfjarðar tók ég að mér starf stuðningsfulltrúa í grunnskólanum hér og var í því starfi til 2007.

Ég fann fljótt að þetta átti vel við mig, enda er ótrúlega gefandi að ná árangri með einstaklinga og virkja það sem þeir eru góðir í. Frá 2007 hef ég unnið skrifstofustörf hjá flutningafyrirtækinu Ragnari og Ásgeiri. Síðastliðið sumar bauðst mér að fara í raunfærnimat hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi sem stuðningsfulltrúi og félagsliði og ákvað ég að slá til því það hefur lengi blundað í mér að leita mér frekari þekkingar á þessu sviði. Raunfærnimatið er algjör snilld og opnaði ýmislegt fyrir mér. Í framhaldinu ákvað ég að fara í nám á þessu sviði og hóf það í fjarnámi í Borgarholtsskóla sl. haust. Á þessari önn er ég síðan í fjarnámi í þroskasálfræði og skyndihjálpi hjá Fjölbrautaskóla Snæfellinga og ég mun síðan halda áfram í Borgarholtsskóla. Auðvitað er þetta erfitt með meira en fullri vinnu, spila fótbolta á fullu með Víkingi Ólafsvík og að vera ein með þrjú börn, en fyrst og fremst er þetta skemmtilegt og gefur mér mikið. Það kemur svo bara í ljós hversu langan tíma það tekur að klára námið. Kannski læt ég ekki staðar numið þegar ég lýk þessu námi, hver veit?“




Halldóra Dögg Hjörleifsdóttir, Grundarfirði



Tölfræði



Árið 2015 voru 1.119 þátttakendur á námskeiðum og í lengra námi hjá Símenntunarmiðstöðinni sem er örlítill fækkun frá fyrra ári. Kynjaskipting þátttakenda var þannig að konur voru 661 eða 59% og karlar 458 talsins eða 41%. Kynjahlutfallið er aðeins jafnara hjá okkur í ár samanborið við árið í fyrra en þá voru karlar 10% færri sem stunduðu nám hjá Símenntunarmiðstöðinni.

Alls voru 96 hópar ýmist á námskeiðum eða í lengra námi á árinu 2015, fjöldi kennslustunda var 3.280 og fjöldi nemendastunda var 37.126. Nemendastundir samanstanda af fjölda nemenda margfaldað með kennslustundafjölda á hverju námskeiði fyrir sig.


Meðalaldur þátttakenda árið 2015 var 35 ár.








Fjöldi kennslustunda eftir svæðum 2011-2015



Hlutfall nemendastunda eftir flokkum 2014-2015



Formlegir samstarfsaðilar

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmenn - símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Á árinu 2015 skrifuðu Símenntunarmiðstöðin og mennta- og menningarmálaráðuneytið undir nýjan samning um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Megininntakið í samningnum er að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 og bjóða upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Samningurinn er birtur í heild sinni á vef Símenntunarmiðstöðvarinnar www.simenntun.is.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins –fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar. Samningurinn við símenntunarmiðstöðvarnar rann út um



„Eftir grunnskóla ákvað ég að fara í sjúkraliðanám og því lauk ég árið 1995 frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Í framhaldinu vann ég í ýmsum umönnunarstörfum, þar á meðal á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri, Hrafnistu í Reykjavík og hjúkrunarheimilinu á Kjalarnesi. Fyrir tæpum þremur árum ákvað ég að taka næsta skref og skráði mig í fjarnám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og lýk í vor þriðja af fjórum árum í því námi. Ég vinn þetta allt í gegnum tölvu að því undanskildu að einu sinni til tvisvar á önn mæti ég í stuttar námslotur á Akureyri. Ég vinn í heimahjúkrun í hálfu starfi á móti náminu. Það er mikilvægt að geta tekið fullt háskólanám án þess að flytja í burtu og raska þannig fjölskyldulífinu. Og síðan er afskaplega þægilegt að hafa möguleika á því að taka öll próf í hjúkrunarfræðinni í húsakynnum Símenntunarmiðstöðvarinnar hér á Akranesi. Þangað er sérlega notalegt að koma og stúlkurnar sem þar vinna eru alveg einstakar.“

Gunnar Bergmann Steingrímsson, Akranesi



áramótin 2015/2016 og er verið að vinna að nýjum þjónustusamningi sem byggir á nýjum skilmálum sem samþykktir eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Þann 14. desember 2015 var undirritaður samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um vinnu við verkefni á sviði framhaldsfræðslu sem gildir frá 1. janúar til ársloka 2021.

Þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og yfirlýsingar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.



„Ég er frá Bahamaeyjum en kynntist íslenskum manni og til Íslands fluttum við árið 2008. Fyrsta árið starfaði ég á Landspítalanum en síðan

hef ég unnið hin ýmsu störf. Við búum í Melahverfinu og fyrir um tveimur árum fór ég í viðtal til náms- og starfsráðgjafa hjá Símenntunarmiðstöðinni á Akranesi þar sem hann fór í gegnum mína styrkleika og áhugasvið. Út úr því kom meðal annars að áhugasvið mitt liggur í umönnunarstörfum og í framhaldinu ákvað ég að fara í sjúkraliðanám í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Ég hóf það nám sl. haust og tek það í fjarnámi með öðrum verkefnum. Að jafnaði fer ég einu sinni í mánuði út á Akranes í skólann en hitt er unnið í gegnum tölvur og það gengur bara ágætlega. Auðvitað er sumt í íslenskunni sem ég á erfitt með að skilja en þá fæ ég bara góða hjálp. Námið tekur tvö og hálft ár og hluti af því er verklegur og ég er þegar búin að taka hluta verknámsins á Brákarhlíð – hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi.“



**Charmaine Butler,
Melahverfi**

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og í raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2015 skiptist svona:

Vottaðar námsleiðir: 26.300.000 kr.

Náms- og starfsráðgjöf: 8.700.000 kr.

Raunfærnimat: 14.356.940 kr.

Samtals: 49.356.940 kr.

Yfirlit yfir námsleiðir FA árið 2015:

Vorönn 2015							
Staður	Námsleið	Fj. þáttt	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Stóriðjuskólinn - grunnnám	15	150	2.250	0	15	40
Akranes	Stóriðjuskólinn - framh.	17	192	3.264	1	16	43
Akranes	Grunnnám fyrir fiskvinnslu	20	60	1.200	13	7	28
Akranes	Grunnnám fyrir fiskvinnslu	27	60	1.620	17	10	40
Akranes	Grunnnám fyrir fiskvinnslu	17	60	1.020	8	9	41
Akranes	Skref til sjálfshjálpar	8	60	480	7	1	41
Grundarfjörður	Opin smiðja - pinnasuða	7	120	840	1	6	32
Dreifnám	Menntastoðir	6	330	1.980	6	0	36
Samtals		117	1.032	12.654	53	64	38

Haustönn 2015							
Staður	Námsleið	Fj. þáttt	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Stóriðjuskólinn - grunnnám	15	150	2.250	0	15	40
Akranes	Stóriðjuskólinn - framh.	17	192	3.264	1	16	43
Dreifnám	Menntastoðir	11	330	3.630	10	1	31
Samtals		43	672	9.144	11	32	38

Svipaður fjöldi tók þátt í námsleiðum FA árið 2015 og 2014. Símenntunarmiðstöðin fékk vilyrði fyrir meira fjármagni árið 2015 en var nýtt í námsleiðirnar og eru ástæðurnar margvíslegar og nauðsynlegt að velta fyrir sér hvað veldur. Einna best gengur að ná í þátttakendur í námsleiðir sem eru kjarasamningsbundnar, s.s. Stóriðjuskólann og grunnnám fyrir fiskvinnslufólk.

Á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar voru námsleiðir auglýstar og kynntar s.s. Skrifstofuskólinn og námsleið í sölu-, markaðs- og rekstrarnámi og náðist ekki næg þátttaka. Að sama skapi þurfti að hafa mikið fyrir því að ná lágmarkspátttöku í námsleiðina Menntastoðir sem er 660 kennslustundir í heildina og skiptist á 2 annir. Við hjá Símenntunarmiðstöðinni finnum fyrir aukinni eftirspurn frá fullorðnu fólki til að taka einstaka áfanga í bóklegu námi, t.d. stærðfræði og ensku.

Á vorönn 2015 skipulagði Símenntunarmiðstöðin opna smiðju í pinnasuðu fyrir fanga á Kvíabryggju. Námið var alls 80 klukkustundir og skiptist í verklega og bóklega þætti.

Verklega kennslan fór fram í vélageymslu á Kvíabryggju, en þrátt fyrir að aðstaðan væri bágborin tókst þetta allt vel og sjö nemendur stóðust bæði verkleg og bókleg próf. Verkefnið var unnið í samstarfi við fyrirtækið Suðu ehf. í Grundarfirði sem sá um verklega kennslu, en bóklegi þátturinn var í umsjón Harðar Baldvinssonar verkefnastjóra hjá Símenntunarmiðstöðinni og kennara við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Við fórum af stað með tvo nýja hópa í Stóriðjuskólanum á árinu 2015 og munu þessir hópar ljúka námi vorið 2016. Í grunnnáminu stunda 15 einstaklingar nám og 17 í framhaldsnáminu. Aðsóknin í Stóriðjuskólann var vonum framar en í heildina sóttu um 130 einstaklingar um þátttöku í skólann.

Náms og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöfin fer oftast fram á skrifstofum víðsvegar á starfssvæði Símenntunarmiðstöðvarinnar og því er mikið lagt upp úr því að náms- og starfsráðgjafar ferðist um allt Vesturland og veiti fólki ráðgjöf í þeirra heimabyggð, en rafræn ráðgjöf (í gegnum síma eða tölvupóst) hefur þó aukist. Jafnframt hefur svokölluðum hvatningarviðtölum á vettvangi fjölgað, en það eru viðtöl sem aðrir starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar sinna. Ástæða aukningar er fyrst og fremst fleira starfsfólk og fleiri heimsóknir í fyrirtæki, sérstaklega iðn- og



Myndin er tekin við lok námskeiðsins á Kvíabryggju. Frá vinsti: Birgir Guðmundsson forstöðumaður, Finnur Hinriksson hjá Suðu ehf. og leiðbeinandi, Hörður Baldvinsson verkefnisstjóri og leiðbeinandi og Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar.



Blómavasi úr stáli, smíðaður á námskeiðinu á Kvíabryggju vorið 2015.



„Grunnskóla lauk ég á Akranesi og fór síðan í Fjölbautaskólann þar en lauk honum ekki. Svo leið dágóður tími en mig hafði lengi langað til að halda áfram að læra en mér reyndist erfitt að taka skrefið og drífa mig af stað. Það var síðan árið 2010 að ég lét verða af því að skrá mig í námsleið

hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi sem var kölluð Sterkari starfsmaður og námsráðgjafinn þar, sem jafnframt var námsráðgjafi í Menntaskóla Borgarfjarðar, þrýsti á mig að innrita mig þar til náms, sem ég gerði svo og útskrifaðist þaðan sem stúdent af náttúrufræðibraut fyrir þremur árum. Í framhaldinu innritaði ég mig í kennaranám við Háskóla Íslands. Það hef ég stundað í fjarnámi síðustu þrjá vetur og lýk í vor BEd-prófi og tek síðan tveggja ára mastersnám til þess að fá kennararéttindin. Með náminu kenni ég stærðfræði í sjötta bekk í grunnskólanum hér og er einnig forfallakennari við skólann. Að ógleymdu heimilinu, við eigum þrjú börn og því er nóg að gera. Ég á þeim í Símenntunarmiðstöðinni mikið að þakka. Á sínum tíma fékk ég þar hvatningu til þess að halda áfram og fara í Menntaskóla Borgarfjarðar og það opnaði fyrir mér nýjar leiðir. Ég nýti mér ennþá þjónustu Símenntunarmiðstöðvarinnar því hér tek ég öll skrifleg próf í kennaranáminu í HÍ. Það er mikils virði og mér mikill styrkur að geta tekið prófin í notalegu umhverfi hér heima.“



Hildur Hallkelsdóttir, Borgarnesi

verktakafyrirtæki. Ennfremur vegna fjölgunar á Markviss verkefnum. Slík hvatningarviðtöl leiða oft af sér meiri og sérhæfðari ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjafa og því er góð samvinna starfsfólks mikilvæg. Öllum nemendum á námsleiðum Símenntunar býðst náms- og starfsráðgjöf.

Samstarfsaðilar Símenntunarmiðstöðvarinnar í náms- og starfsráðgjöf eru m.a. Vinnumálastofnun á Vesturlandi og Virk – starfsendurhæfingarsjóður, stéttarfélagin, framhaldsskólarnir, Rauða kross deildirnar og er gert ráð fyrir áframhaldandi samvinnu.

Náms- og starfsráðgjöfin er kynnt í gegnum námsleiðir, í fyrirtækjum, á netinu, á kynningarfundum o.fl. Viðtöl fara fram í húsnæði skóla og stofnana á svæðinu eða í húsnæði stéttarfélaga og í fyrirtækjum ef við á. Á Facebook-síðu náms- og starfsráðgjafarinnar eru settar inn ýmsar greinar, upplýsingar og hugmyndir. Ráðþegar geta sent þar inn skilaboð, óskað eftir viðtali eða sent inn fyrirspurnir. Áhugasviðsgreiningar, raunfærnimat, lesblindugreiningar o.fl. er auglýst í námsvísi. Á nýrri heimasíðu Símenntunarmiðstöðvarinnar er boðið upp á þann möguleika að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í gegnum netið eða senda fyrirspurn. Náms- og starfsráðgjöf er lykilatriði í raunfærnimati.

Áhersla er á að ná til innflytjenda og veita þeim ráðgjöf, sérstaklega þeim sem eru í atvinnuleit, því náms- og starfsráðgjöf er þeim afar gagnleg við upplýsingaöflun um störf og símenntun, mat á færni, reynslu og menntun og sem hvatning til starfsþróunar í nýju landi. Þá er í viðtölum kortlögð menntun, reynsla og færni og metið hvort innflytjendur geti öðlast starfsréttindi hér, þeir fá aðstoð við ferilskrágerð og að sækja um störf.

Skipting viðtala eftir kyni Fjöldi viðtala

Karl	213
Kona	315
Heildarfjöldi	528

Aldursbil Fjöldi viðtala

0 - 25 ára	58
26 - 40 ára	266
41 - 55 ára	145
56 og eldri	59
Heildarfjöldi	528

Staða á vinnumarkaði Fjöldi viðtala

Annað	66
Atvinnuleitandi	34
Hlutastarf og hlutabætur	4
Í námi	9
Í starfi	364
Starfsendurhæfing	4
VMST	41
Öryrki	6
Heildarfjöldi	528


Skólastig Fjöldi viðtala

Framhaldsskóli	
(hóf nám en lauk ekki)	275
Grunnskóli	104
Háskólapróf	8
Iðn- eða starfsmenntun	52


Iðnmenntun	38
Stúdentspróf	44
Umskólun	2
Óskilgreint	5
Heildarfjöldi	528

Þjóðerni ráðþega Fjöldi viðtala


Afghanistan	2
Bahamas	1
Belgía	1
Bosnía-Herzagovína	1
Búlgaría	1
Þýskaland	2
Indland	1
Íran	2
Írak	1
Ísland	465
Palestína	1
Filippseyjar	1
Pólland	38
Portúgal	2
Rúmenía	3
Slóvakía	1
Sviss	1
Úkraína	2
Bandaríkin	1
Vietnam	1
Heildarfjöldi	528

Skipting viðtala eftir kyni



Aldursskipting ráðþega




Staða ráðþega á vinnumarkaði



Skólastig ráðþega



Þjóðerni ráðþega



„Ég er Borgnesingur og lauk stúdentsprófi í Menntaskóla Borgarfjarðar. Árið 2010 flutti ég í Stykkishólm. Fyrir tveimur árum innritaði ég mig í kennararnám í fjarnámi frá Háskóla Íslands en hætti í því eftir eitt ár og sl. haust hóf ég síðan nám í tólmstunda- og félagsmálafræði við HÍ og það nám get ég líka tekið í fjarnámi. Á haustönn þurfti ég að vera í tvær vikur í Reykjavík og núna á vorönn fer ég þrisvar til Reykjavíkur og er í eina viku í senn. Að öðru leyti get ég tekið námið í fjarnámi og það gengur mjög vel. Auðvitað er þetta heilmikið þúsluspil því ég er í meira en hundrað prósent vinnu með, er í hálfu starfi á leikskólanum hér í Stykkishólmi og síðan kem ég ásamt fleirum að rekstri veitingastaðarins Skúrsins. Fyrir svo utan heimilið, við eigum tveggja ára barn. Það er því brjáláð að gera en þetta tekst allt saman, það er gott að eiga góða að! Ég nota allar þær stundir sem gefast til þess að læra, eftir klukkan níu á kvöldin og um helgar. Það er mikils virði að geta tekið öll skrifleg próf í náminu í HÍ hér heima. Símenntunarmiðstöðin sér um þau samskipti við HÍ og ég mæti bara á prófstað í grunnskólanum hér og tek prófin. Þetta er alveg frábært fyrirkomulag.“



Rósa Kristín Indriðadóttir, Stykkishólmi

Raunfærnimat

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir einstaklingum úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem þeir hafa öðlast í starfi metið til eininga. Það getur stýtt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein og öðlast starfsréttindi að námi loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23-25 ára lífaldri og 3-5 ára starfsaldri eftir því hvaða grein á við.

Haustið 2015 útskrifaði Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi 33 konur úr raunfærnimati af þjónustubrautum. Fimmtán konur fengu raunfærnimat á móti viðmiðum leikskólaliðabrautar, sex á móti viðmiðum stuðningsfulltrúabrautar, níu á móti viðmiðum félagsliða og þrjár konur fóru í tvöfalt raunfærnimat, þ.e. voru metnar á móti viðmiðum tveggja brauta.

Flestar kvennanna voru af Vesturlandi en fjórar af Vestfjörðum.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og var hluti af tilraunaverkefninu „Menntun núna“ sem snérist um að hækka menntunarstigið í Norðvesturkjördæmi.

Raunfærnimat í þjónustugreinum náði til ófaglærðs starfsfólks sem starfaði á leik- eða grunnskólum eða við félagslega þjónustu svo sem umönnun aldraðra og fatlaðra. Metið var inn á leikskólaliðabraut, stuðningsfulltrúabraut og félagsliðabraut. Matið tók til námsáfanga þar sem konurnar hafa áunnið sér reynslu, þekkingu og hæfni við sín störf.



Þessi mynd var tekin við útskrift þátttakenda í raunfærnimati í þjónustugreinum. Á myndinni er hluti nemenda, matsaðila og verkefnastjóri.



Kynningarfundur með matsaðilum.



Alls komu níu matsaðilar að verkefninu og voru tekin 242 matsviðtöl. Í heildina fengust 975 einingar metnar, flestar voru þær 42 hjá einstaklingi en færstar 18 einingar. Meirihluti þeirra sem fóru í raunfærnimatið stundar nú dreifnám í þjónustugreinum til starfsréttinda í Borgarholtsskóla.

Á árinu 2015 fékk Símenntunarmiðstöðin einnig úthlutað fjármagni í raunfærnimat vegna matartækni og löggildra iðngreina.

Undirbúningur er hafinn að raunfærnimati í matartækni, en matsviðtölin fara fram á árinu 2016.

Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi stýrir raunfærnimati hjá Símenntunarmiðstöðinni.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat, en þau eru ætluð fagaðilum, náms- og starfsráðgjöfum og verkefnastjórum sem koma að raunfærnimatsverkefnum.



Guðrún Vala náms- og starfsráðgjafi stendur vaktina á meðan matsviðtöl fara fram.

Fjölmennt

Símenntunarmiðstöðin er með samning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeið ætluð fólki með fötlun 20 ára og eldra. Í samningnum er m.a. kveðið á um að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun í landshlutanum.

Á árinu 2015 var boðið upp á fjölbreytt tómsundanámskeið, þ.á m. textílmenn, fjölsmiðju, sund, tónlist, matreiðslu inni á heimilum, jóga, námskeið í silfursteypu, tölvunámskeið, Egilssögu í máli og myndum og dagsnámskeið í leiklist og tónlist. Ekki fóru öll námskeiðin af stað en ljóst var að þörfin var meiri á lengri námskeiðum sem reynt var að verða við.

Til að koma sem best til móts við markhópinn var áhugi kannaður og fór verkefnastjóri í heimsóknir á vinnustaði og í búsetu og hitti þátttakendur og tengiliði þeirra.

Ánægjulegt var að námskeið í matreiðslu inni á heimilum komu vel út, þátttakendur fóru að bjóða í mat af sjálfsdáðum í kjölfarið og urðu sjálfstæðari í matargerð og jafnframt hvöttu þeir aðra til þess sama.

Verkefnisstjórar þriggja miðstöðva, þ.e. Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og Austurbrúar, fóru saman til Svíþjóðar í nóvember 2015 til að kynna sér fullorðinsfræðslu fólks með fötlun þar í landi. Þeir heimsóttu þrjá staði, þ.e. í Stokkhólmi, Sollefteå og Hårnesand og fengu góða innsýn í starfsemina á þeim stöðum. Ferðin var mjög lærdómsrík og margt hægt að heimfæra. Áhugavert var að sjá



„Ég bý í Reykjavík en hef starfað hjá Norðuráli á Grundartanga síðan í júlí 2007. Á sínum tíma sótti ég um að fara í Stóriðjuskólann sem Símenntunarmiðstöðin

og Norðurál hafa í sameiningu staðið að og var svo lánsamur að komast í grunnnámið, sem tók þrjár annir. Ég hélt síðan áfram og fór í framhaldsnámið sem er aðrar þrjár annir og því lýk ég núna í vor. Í grunnnáminu vorum við í skólanum á þriðjudögum en núna í framhaldsnáminu er skólinn á fimmtudögum. Námið er fjölbreytt, bæði bóklegt og verklegt og tekur á öllu sem lýtur að framleiðslunni hjá okkur í Norðuráli og ótal öðrum þáttum. Hluti af náminu er í Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þetta er á allan hátt mjög gagnlegt og gefur mér mikið, auk þess sem námið veitir einingar og er metið til launa. Þegar ég lauk grunnnáminu hækkaði ég um 5% í launum og launin hækka um önnur 5% þegar ég lýk framhaldsnáminu. Ég er þrjátíu og fimm ára gamall og hafði ekki setið á skólabekk síðan í 10. bekk Laugalækjarskóla í Reykjavík og það var ekki laust við að það væri smá skrekkur í mér þegar ég byrjaði í þessu. En það var fljótt að hverfa. Fyrir tveimur árum tók ég einnig stærðfræði, ensku og tölvutækni í Menntastöðum. Ég get ekki neitað því að þetta hefur kveikt í mér að afla mér frekari þekkingar í framhaldinu. En fyrst er að ljúka náminu í vor og svo er að taka næsta skref.“

**Arnar Baldvinsson,
Reykjavík**





Starfsfólk Fjölmenntar kom í heimsókn til okkar á Símenntunarmiðstöðina vorið 2015.

hvernig tengingin var á milli vinnumarkaðar og fullorðinsfræðslunnar, en þátttakendur gátu tekið námskeið hjá fullorðinsfræðslumiðstöðinni sem tengdust vinnu þeirra beint.

Á vorönn 2015 var haldið sjö kennslustunda stíklunámskeið í kennslufræði - „Nám og kennsla fatlaðra í framhaldsfræðslu“. Farið var í forsendur fatlaðra nemenda, aðferðir og tæki sem nýtast vel við nám og kennslu fatlaðra. Leiðbeinendur voru þær Jarprúður Þórhallsdóttir og Anna Soffía Óskarsdóttir frá Fjölmennt. Leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu fatlaðra, starfsmenn vinnustaða fatlaðra og búsetu sátu námskeiðið og mæltist það mjög vel fyrir. Þátttakendur voru 14 talsins.

Starfsfólk Fjölmenntar kom í heimsókn til okkar á vormánuðum og fengu kynningu á starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar og þá sérstaklega er snýr að námi fyrir fólk með fötlun.

Umsjón með námi fyrir fólk með fötlun hefur Helga Björk Bjarnadóttir þroskajálfi og markþjálfari, en hún starfar sem verkefnastjóri hjá Símenntunarmiðstöðinni.

Á árinu 2015 voru haldin sautján námskeið á Vesturlandi fyrir fólk með fötlun. Alls voru 97 þátttakendur á námskeiðunum, kennslustundir voru 323 og nemendastundir 2.074. Karlar voru mun fleiri, eða 72 á móti 42 konum. Meðalaldur var 40 ár. Fjöldi námskeiða og þátttakenda er svipaður árið 2015 og var árið 2014.

Árið 2015							
Staður	Námskeið	Fj. þáttt	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Leiklist - Fjölmennt	4	18	72	2	2	44
Akranes	Matreiðsla - Fjölmennt	3	9	27	1	2	32
Akranes	Fjölsmiðja - Fjölmennt	6	42	252	2	4	30
Akranes	Matreiðsla - Fjölmennt	4	9	36	2	2	31
Borgarnes	Leikræn tjáning, útivera og listsköpun – Fjölmennt	4	12	48	0	4	39
Borgarnes	Verum með! - Fjölmennt	4	12	48	0	4	54
Borgarnes	Jóga – Fjölmennt	5	18	90	1	4	48
Grundarfjörður	Leðurnámskeið - Fjölmennt	5	8	40	1	4	33
Grundarfjörður	Námskeið í silfursteypu - Fjölmennt	6	8	48	2	4	30
Snæfellsbær	Leikræn tjáning, útivera og listsköpun – Fjölmennt	7	12	84	1	6	38
Snæfellsbær	Sundnámskeið - Fjölmennt	5	14	70	2	3	31
Dalir	Myndlist - framhald - Fjölmennt	11	54	594	5	6	59
Dalir	Tónlist – Fjölmennt	12	18	216	3	9	60
Dalir	Tölvunámskeið - Fjölmennt	3	24	72	1	2	59
Stykkishólmur	Hreyfing - smiðja - Fjölmennt	10	14	140	1	9	34
Stykkishólmur	Textílmennt - Fjölmennt	5	42	210	1	4	31
Stykkishólmur	Matreiðsla - Fjölmennt	3	9	27	0	3	25
Samtals		97	323	2.074	25	72	40

Samstarfsverkefni – innlend og erlend

Innlend verkefni

Vinnumálastofnun - atvinnuleitendur

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Námskeiðum hefur fækkað töluvert á milli ára og skýrist það af minnkandi atvinnuleysi. Í töflunni hér að neðan sést glögglega hver breytingin er á milli ára.

Atvinnuleitendur í námi hjá SMV 2009-2015

Ár	Fj. námskeiða	Fjöldi þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
2015	10	91	361	3.583	43	47	41
2014	12	119	312	2.964	62	57	39
2013	18	168	984	9.113	92	76	42
2012	29	262	1.365	11.993	120	142	47
2011	36	359	2.610	27.497	161	198	42
2010	46	468	2.902	33.616	231	238	38
2009	9	90	296	3.169	47	40	40



„Ég hef búið í Búðardal í tuttugu ár og unnið ýmis störf. Lengst starfaði ég á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni en síðustu fimm ár hef ég verið matráður í Auðarskóla, sem er sameiginlegur leik-, grunn- og tónlistarskóli. Í gegnum tíðina hef ég tekið fjölmörg námskeið á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar

sem hafa verið í boði hér í Búðardal, bæði starfstengd námskeið og tómstundanámskeið. Þessi námskeið nýttust mér afskaplega vel þegar ég starfaði í umönnunarstörfum í Silfurtúni og einnig sá ég þar um tíma um félagsstarfið. Reyndar má segja að ég sé fünduríkill og ég hef mikla ánægju af því að prófa eitthvað nýtt. Eftir að hafa tekið fjölmörg námskeið af ýmsum toga og tekið hluta sjúkraliðanáms í fjarnámi við Verkmennaskólann á Akureyri – VMA fór ég í gegnum raunfærnimat hjá IÐUNNI fræðslusetri og í framhaldinu hóf ég matartækninám við VMA. Raunfærnimatið gerði það að verkum að ég fékk margt metið í matartækninámið – almennt er þetta þriggja ára nám en í heildina tek ég það á 3-4 önnum. Þetta er lotunám þar sem við erum á Akureyri nokkrar helgar á vetri og síðan getum við stundað bóklega hlutann í fjarnámi. Vegna veikinda þurfti ég reyndar að taka mér hlé í náminu haustið 2014 en ég á bara eina önn eftir og hyggst klára það þegar kostur er. Fyrirkomulag námsins hjá VMA er algjör snilld og býður upp á að unnt sé að vera jafnhliða í fullri vinnu.“



Katrín Lilja Ólafsdóttir, Búðardal

Á árinu 2015 var 91 atvinnuleitandi á 10 námskeiðum á Vesturlandi. Alls voru kenndar 361 kennslustundir og nemendastundir voru 3.583. Konur voru 43 og karlar 47 talsins. Meðalaldur þátttakenda var 41 ár.

Árið 2015							
Staður	Námskeið	Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Íslenska fyrir útlendinga	12	60	720	3	9	38
Akranes	Markviss atvinnuleit	8	18	144	7	1	48
Akranes	Lífsgæði-sjálfstyrking-kvíðastjórnun	5	18	90	5	0	30
Akranes	Suðunámskeið	12	42	504	0	12	40
Akranes	Excel - tölvunámskeið	7	27	189	6	1	43
Akranes	Íslenska fyrir útlendinga	13	60	780	6	7	41
Akranes	Markviss atvinnuleit	9	18	162	6	3	51
Akranes	Lífsgæði-sjálfstyrking-kvíðastjórnun	8	18	144	7	1	29
Borgarnes	Verkfærakistan	11	50	550	2	8	49
Stykkishólmur	Verkfærakistan	6	50	300	1	5	36
Samtals		91	361	3.583	43	47	41

Fræðslustjóri að láni

Dalabyggð

Símenntunarmiðstöðin gerði samning í janúarmánuði 2015 við sveitarfélagið Dalabyggð um verkefnið „Fræðslustjóra að láni“.

Markmið með verkefninu var að framkvæma þarfagreiningu fyrir fræðslu, samkvæmt aðferðafræði Markviss og vinna heildstæða fræðsluáætlun sem byggði á þarfagreiningunni.

Verkefnið var styrkt af Mannauðssjóði Samflots og náði til þeirra starfsmanna sem eiga félagsaðild að Starfsmannafélagi Dala og Snæfellsness (SDS), eða alls 34 manns.

Helga Björk Bjarnadóttir og Guðrún Vala Elísadóttir unnu þetta verkefni og afhentu fræðsluáætlunina formlega 8. júní 2015.

Snæfellsbær

Símenntunarmiðstöðin gerði samning í októbermánuði 2015 við sveitarfélagið Snæfellsbæ um verkefnið „Fræðslustjóra að láni“, annars vegar fyrir dvalarheimilið Jaðar og hins vegar fyrir leikskóla Snæfellsbæjar.



Við undirskrift samnings við Dalabyggð.



Við undirskrift samnings við Elkem, Landsmennt og IÐUNA fræðslusetur.

Markmið með verkefninu var að framkvæma þarfagreiningu fyrir fræðslu, samkvæmt aðferðafræði Markviss og vinna heildstæða fræðsluáætlun sem byggir á þarfagreiningunni.

Verkefnið náði til allra starfsmanna stofnananna og var það m.a. styrkt af Mannauðssjóði Samflots fyrir þeirra félagsmenn.

Helga Björk Bjarnadóttir hafði umsjón með þessu verkefni.

Elkem

Símenntunarmiðstöðin gerði verksamning í nóvembermánuði 2015 um þjálfun og fræðslu við fyrirtækið Elkem, en auk þess eru Landsmennt og IÐAN fræðslusetur aðilar að samningnum.

Markmiðið með verkefninu er að gera fyrirtækinu kleift að setja fræðslu starfsmanna í markvissan farveg og hækka menntunarstig starfsmanna, bæta gæði vinnu og þjónustu ásamt því að auka framlegð og starfsánægju starfsmanna.

Samningurinn nær til 119 starfsmanna sem starfa aðallega á framleiðslu- og tæknisviði. Flestir eru almennir starfsmenn eða 87% og iðnaðarmenn eru 13%. Landsmennt greiðir fyrir hlut almennra starfsmanna í verkefninu og IÐAN fræðslusetur fyrir iðnaðarmennina.

Hekla Gunnarsdóttir og Hörður Baldvinsson hafa umsjón með þessu verkefni.

Erlend verkefni

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í tveimur Evrópuverkefnum á árinu 2015 og lauk öðru þeirra á árinu.

Young Women Orientation for Labor Integration

Í þessu verkefni tóku níu lönd þátt: Rúmenía, Pólland, Bretland, Spánn, Belgía, Tékkland, Írland, Þýskaland og Ísland. Verkefnið hófst árið 2013 og lauk á árinu 2015.

Meginmarkmiðið með verkefninu var að skiptast á reynslu og hugmyndum um hvernig megi styrkja og styðja við konur á aldrinum 20-30 ára sem hafa lokið eða eru við það að ljúka framhaldsskólánámi og eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði.



Hópurinn hittist í Rúmeníu í júní 2015.



„Ég fór í Stóriðjuskólann sem Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Norðurlá settu í sameiningu á stofn og tók þar grunnnámið. Þar kenndi Hörður Baldvinsson okkur vélfræði og hann er sömuleiðis að kenna vélfræði við Fjölbautaskóla Vesturlands hér á Akranesi. Hann hvatti mig og fleiri í Stóriðjuskólanum til þess að halda áfram í vélfræðináminu og ég ákvað að taka áskoruninni og hóf þar nám í ársbyrjun 2015. Núna er ég því á þriðju önn í náminu. Ég tek þetta með vinnu og því á ég töluvert langt í land. Ég byrjaði reyndar í þessu námi rétt fyrir 1990 því ég var alltaf mikið í vélaviðgerðum og hafði mikinn áhuga á því að læra meira. En hins var eitthvað annað sem fangaði hugann á þessum tíma og ég hætti. En núna tók ég upp þráðinn og hef mikla ánægju af. Það verður síðan bara að koma í ljós hvenær ég næ að ljúka þessu, en það er stefnan. Á þessari önn mætum við í skólann á miðvikudögum og einstaka laugardaga og er námið blanda af bóklegu og verklegu. Ég tek þetta með daglegri vinnu hjá verktaka vestur á fjörðum. Áður hafði ég starfað í átján ár hjá Norðuráli, ég hóf þar störf haustið 1998 en hætti um síðustu áramót.“

Hrólfur Árni Borgarsson, Akranesi



TELE – Teaching Entrepreneurship – Learning Entrepreneurship

Símenntunarmiðstöðin tekur þátt í Evrópuverkefni sem nefnist „Teaching Entrepreneurship – Learning Entrepreneurship“, en verkefnið er til þess hugsað að styðja við bakið á ungu fólki sem ýmist hefur hætt í framhaldsskóla, er án atvinnu eða af öðrum ástæðum á erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði. Verkefnið snýst um að fólk í þessari stöðu uppgötví nýjar leiðir til árangurs, sýni frumkvæði og nýti sköpunarkraftinn sem í því býr.

Fjögur lönd, auk Íslands taka þátt í verkefninu; Rúmenía, Lettland, Spánn og Þýskaland.

Símenntunarmiðstöðin, í samvinnu við Vinnumálastofnun Vesturlandi, hefur staðið fyrir a.m.k. fimmtán frumkvöðla-smiðjum fyrir atvinnuleitendur síðustu ár. Við kennslu í þessum smiðjum hefur skapast ákveðin þekking á kennsluaðferðum sem við hjá Símenntunarmiðstöðinni miðlum áfram í þessu verkefni.

Í smiðjunum vorum við fyrst og fremst að vinna með hugarfar þátttakenda, þ.e. að horfa til þess hvernig mætti virkja frumkvöðlaskraftinn, ýta undir frumkvæði hjá einstaklingum og fá þá til að sjá tækifærin í nærumhverfinu sem gæti mögulega skapað þeim atvinnu.

Haustið 2015 fengum við fulltrúa frá öllum þáttökulöndunum til að taka þátt í fimm daga vinnusmiðju, alls 16 manns. Þátttakendurnir komu m.a. frá menntastofnunum og nýsköpunarmiðstöðvum í þessum löndum og fengu innsýn í hvernig við höfum háttað kennslunni í þessum smiðjum og eins erum við að læra af þeim. Þetta er yfirlýsing þekkingar í báðar áttir.

Fulltrúar þessara landa eiga síðan í framhaldinu að vera með sambærilega vinnusmiðju hver í sínu landi fyrir fólk á aldrinum 16-30 ára. Fulltrúar þáttökulandanna munu hittast í Lettlandi í maí 2016 til að miðla af reynslunni og verkefninu lýkur síðan með ráðstefnu á Spáni í lok júní 2016.

Ein af afurðum verkefnisins verður handbók sem byggir á aðferðafræðinni sem er þróuð í verkefninu.



„Ég hef búið hér á Hellissandi síðan 1989 og frá 1997 hef ég starfað á leikskólanum hérna. Ég tók grunnnámið hjá Símenntunarmiðstöðinni fyrir

stuðnings- og meðferðarfulltrúa og í kjölfarið fór ég að sækja fleiri námskeið – bæði tómstunda- og starfstengd námskeið. Árið 2008 hóf ég grunnnám leikskólaliða við Borgarholtsskóla og lauk því árið 2010. Fyrir rösku ári, á vorönn 2015, hóf ég síðan framhaldsnám leikskólaliða við sama skóla. Þetta er fimm anna nám sem veitir inngöngu í háskóla, t.d. í leikskólakennaranám. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt framhaldsnám leikskólaliða er í boði. Ég er núna á þriðju önn og hef mikla ánægju af náminu. Þetta er auðvitað mikil vinna með því sem næst fullri daglegri vinnu minni á leikskólanum en ég reyni að skipuleggja mig og nýti vel kvöldin og helgar fyrir lærdóminn. Þetta er að stærstum hluta í fjarnámi en þrisvar á önn eru stuttar staðarlotur – á föstudögum og laugardögum. Og einnig erum við reglulega á spjallfundum með kennurunum okkar einu sinni í viku – síðdegis á mánudögum – þar sem við getum spurt um ýmsa hluti sem brenna á okkur.“



Jófríður Magnúsdóttir, Hellissandi

Yfirlit yfir fjarpróf

Fjarnemar nýta sér í auknum mæli þjónustu símenntunarmiðstöðvanna um allt land til að taka próf í heimabyggð. Sóknin í þessa þjónustu á Vesturlandi hefur aukist síðustu ár og kunna fjarnemar vel að meta hana.



Símenntunarmiðstöðin hefur gert þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er þessi þjónusta veitt í tengslum við þann samning.

Nemendur sem nýta sér þjónustuna koma einkum frá háskólunum á Íslandi, en einnig eru nemendur frá Keili og frá einstaka framhaldsskóla.

Nemendurnir taka próf í húsnæði Símenntunar á Akranesi, í Borgarnesi, Átthagastofu Snæfellsbæjar, Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Grunnskóla Stykkishólms og Ráðhúsi Dalabyggðar.

Eins og sjá má í töflunni hér að neðan fjölgar próffyrirlögnum jafnt og þétt til ársins 2014. Árið 2015 dregur úr próffyrirlögnum, en skýringin felst einkum í að óvenju margir nemendur í Háskólagáttinni við Háskólann á Bifröst nýttu sér þjónustu Símenntunarmiðstöðvarinnar árið 2014.

Fjöldi próffyrirlagna árin 2009-2015							
	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Akranes	108	183	225	247	255	393	349
Borgarnes	139	138	112	120	169	209	177
Búðardalur	8	18	6	8	26	13	13
Grundarfjörður	64	38	62	56	30	37	47
Snæfellsbær	36	67	74	100	63	53	48
Stykkishólmur	48	88	81	46	49	64	61
Samtals	403	532	560	577	592	769	695



Úr ýmsum áttum

Leiðbeinendur og kennsluaðferðir

Flestir kennarar og leiðbeinendur hjá Símenntunarmiðstöðinni eru ráðnir sem verktakar. Í viðurkenndum námsleiðum FA, sem og á öðrum námskeiðum, höfum við lagt mikið upp úr því að fá menntaða kennara og margir þeirra kenna einnig við framhaldsskólana á Vesturlandi. Þetta hefur gefist mjög vel, enda mikilvægt að ýta undir aukið samstarf menntastofnana m.a. með þessum hætti.

Kennararnir eiga hrós skilið fyrir að leggja sig fram við að leita allra leiða til að koma námsefni til skila á sem bestan hátt. Kennsluaðferðir taka breytingum og þróast og nálgun í kennslu fullorðinna er oft með öðrum hætti en í kennslu ungmenna. Í Gáttinni, árlegu fræðsluriti Fræðslumiðstöðvarinnar, segir m.a. að mikilvægt sé að leggja áherslu á nemandann sem geranda í eigin námi og að kennarinn hafi það hlutverk að leiðbeina og aðstoða fremur en að stjórna og ákveða. Það er kjarninn í hugmyndum um muninn á fullorðinsfræðslu og barna – og unglingafræðslu.¹

Tæknin á sér engin landamæri og eftir því sem tölvufærni fólks eykst aukast að sama skapi kröfur um miðlun efnis í gegnum Internetið. Við finnum fyrir aukinni kröfu á fjarnám eða dreifnám með staðlotum og fyrirtæki vilja sérsniðin námskeið þar sem kennslan fer að hluta til fram í fyrirtækinu og hluti námsefnis sé til staðar á rafrænu formi sem starfsfólk getur nýtt sér þegar því hentar.

Fyrirtækin gera kröfu um að fræðslan sé ánægjuleg og árangursmiðuð þar sem horft sé til þarfa fyrirtækja og þátttakenda og nái hún nái vel til þátttakenda og nýti þannig reynslu þeirra og hæfileika.²

Tengslanet símenntunarmiðstöðvanna

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi er ein ellefu miðstöðva sem eiga aðild að samtökunum Kvasir – samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, sem voru stofnuð árið 2000. Markmið samtakanna eru m.a;

- Að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi.
- Að efla og auka skilning atvinnulífsins á mikilvægi framhaldsfræðslu og símenntunar sem auðlindar og fjárfestingar til framtíðar, sem getur bætt afkomu einstaklinga, fyrirtækja og samfélagsins í heild.

¹ Gátt – ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (2006), s. 57

² Gátt – ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (2006), s. 57

- Að efla og stuðla að aukinni samvinnu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.
- Að efla samvinnu við menntastofnanir og aðra þá sem bjóða framhaldsfræðslu og símenntun í landinu með það að markmiði að auka aðgengi almennings að menntun og þekkingu.
- Að vera vettvangur umræðu um framhaldsfræðslu og símenntun á Íslandi sem og í norrænu og alþjóðlegu samhengi.
- Að gæta sameiginlegra hagsmuna aðila Kvasis gagnvart stjórnvöldum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði.
- Að efla skilning á hlutverki aðila Kvasis í menntakerfi þjóðarinnar og kynna starf þeirra.

Staða fullorðinsfræðslu í Evrópu

Ný skýrsla Eurydice kom út á árinu 2015 um stöðu fullorðinsfræðslu í Evrópu. Skýrslan fjallar um nám og þjálfun fyrir fullorðna og betri aðgang að námsmöguleikum.

Skýrslan nefnist á ensku „Adult Education and Training in Europe: Widening Access to Learning Opportunities“.

Sjá nánar á slóð: <http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/>




„Á sínum tíma lauk ég níunda bekk grunnskóla – sem nú er tíundi bekkur – hér á Akranesi og á þeim tíma var ekki á dagskrá að fara í frekara nám. Og það var ennþá fjarlægara eftir því sem árin liðu. En síðan gerðist það að starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi komu á

leikskólann Akrasel, þar sem ég hef starfað undanfarin tæp níu ár, og kynntu fyrir okkur raunfærnimat leikskólaliða. Eftir mikinn þrýsting lét ég til leiðast og fór í matið. Sannast sagna tók töluvert á að fara í gegnum raunfærnimatið en ég stóðst ellefu af tólf prófum og í framhaldinu fór ég sl. haust í leikskólaliðanám í fjarkennslu í Borgarholtsskóla í Reykjavík. Þetta er sett upp sem fimm anna nám en raunfærnimatið gerði það að verkum að ég fékk þrjár annir metnar og því útskrifast ég í maí nk. sem leikskólaliði. En ég ætla ekki að láta staðar numið í vor. Til þess að útskrifast einnig sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla þarf ég ekki að bæta við mig nema einu fagi og það ætla ég að gera næsta haust og taka til viðbótar þann starfstíma sem þarf í grunnskóla. Þegar upp er staðið er ljóst að raunfærnimatið breytti miklu hjá mér og varð til þess að ég dreif mig í skóla. Að fara í gegnum slíkt nám styrkir mig sem starfsmann á leikskólanum og það skiptir miklu máli. Og ekki skemmir fyrir að eftir að ég útskrifast í vor munu launin mín hækka um 3%.“



Bergný Dögg Sophusdóttir, Akranesi



Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu

Í byrjun árs skipaði mennta- og menningarmálaráðherra verkefnahóp um fullorðins- og framhaldsfræðslu. Hlutverk hópsins var m.a. að móta tillögur að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Hópurinn skilaði af sér niðurstöðum í lok maí 2015.

Kvasir tilnefndi Erlu Björgu Guðmundsdóttur og Óla Halldórsson í verkefnahópinn, en auk þeirra voru Guðrún Ragnarsdóttir verkefnisstjóri, Guðrún Eyjólfsdóttir frá Samtökum atvinnulífsins, Halldór Grönvold frá ASÍ, Karl Rúnar Þórsson frá BSRB og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins.



„Í gegnum tíðina hef ég tekið nokkra tugi námskeiða á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, bæði ýmis starfstengd námskeið og einnig tómstundanámskeið. Ég er menntaður sjúkraliði og lauk í kjölfarið þroskajálfnámi árið 1982.

Núna er ég forstöðukona Ásbyrgis – vinnustaðar fólks með skerta starfsgetu hér í Stykkishólmi, sem hefur verið í rekstri í tæp fjögur ár á vegum Félags- og skólabjónustu Snæfellinga. Ellefu starfsmenn eru í Ásbyrgi, þar af þrír með fulla starfsorku. Við leggjum áherslu á að vinna ýmsa nytja- og skrauthluti úr hlutum sem fólk er hætt að nota. Við seljum okkar framleiðslu síðan gegn vægu verði og notum ágóðann m.a. til þess að sækja fjölbreytt námskeið á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar. Starfsmenn hér í Ásbyrgi eru duglegir að setja fram óskir um námskeið og hefur Símenntunarmiðstöðin orðið við þeim flestum. Óhætt er að segja að starfsmenn hennar hafi reynt okkur vel. Sem stendur erum við á textílnámskeiði og nýlega voru hér bæði leiklistar- og matreiðslunámskeið.“

Hanna Jónsdóttir, Stykkishólmi



Meginniðurstaða verkefnahópsins var að framhaldsfræðslukerfið byggi á traustum grunni og vinni almennt vel að þeim markmiðum sem því hefur verið sett. Því sé ekki ástæða til að gera stórvægilegar breytingar á kerfinu. Jafnframt er í niðurstöðum verkefnahópsins þess getið að stefna skuli að því að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa lokið formlegri framhaldsmenntun fari úr 30% í 10% fyrir árið 2020.³ Í þessum efnum er nokkuð langt í land og fyrirséð að ekki tekst að ná þessu markmiði.

Verkefnahópurinn leggur áherslu á að tryggja þurfi meira fjármagn til framhaldsfræðslunnar en nú er úthlutað til hennar og efla þurfi enn frekar þróun og stuðning innan kerfisins.⁴

Skýrsluna er hægt að nálgast á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins undir heitinu „Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu“.

³ <https://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/>

⁴ <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8397>

Niðurlag



Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar var blómleg árið 2015, líkt og síðustu ár.

Verkefni eru af ýmsum toga, líkt og sjá má í þessari skýrslu. Það má merkja ákveðnar áherslubreytingar í starfseminni á árinu 2015, en það helgast af því að við fengum fjármagn í svokallað raunfærnimat í þjónustugreinum, þ.e. leikskólaliða, félagsliða og stuðningsfulltrúa. Þetta verkefni var hluti af verkefninu Menntun núna! sem gekk út á að hækka menntunarstigið í Norðvesturkjördæmi. Þetta raunfærnimatsverkefni heppnaðist mjög vel og gaf okkur byr undir báða vængi og hvatti okkur til að sækja um fjármagn til Fræðslusjóðs til að bjóða upp

á raunfærnimat í fleiri greinum.

Þátttakendum fækkar aðeins á milli ára og að sama skapi fækkar nemendastundum um 10.000 á milli ára. Skýringin á þessu er einkum sú að við náðum ekki að koma eins mörgum vottuðum námsleiðum af stað og vonir stóðu til og að sama skapi hefur orðið töluverður samdráttur í tómstundanámskeiðunum.

Á hinn bóginn eykst hlutfall nemendastunda í starfstengdum námskeiðum um 15% á milli ára og það er í takt við okkar markmið, þ.e. að ná betur til fyrirtækja og stofnana. Þessa fjölgun má m.a. rekja til fleiri fyrirtækjaheimsóknna sem og gerð fræðsluáætlana fyrir fyrirtæki og stofnanir í gegnum verkefnið „Fræðslustjóri að láni“.

Þjónustan sem Símenntunarmiðstöðin veitir er fjölbreytt og við tókum m.a. viðtal við nokkra sem hafa nýtt sér þjónustu okkar. Það er fólkið sem nýtir þjónustuna sem dæmir okkar verk.

Við hjá Símenntunarmiðstöðinni höldum áfram að þróa okkur áfram í fjölbreyttum verkefnum, taka þátt í samstarfsverkefnum, kynna okkur nýjungar í fullorðinsfræðslu og vera opin fyrir nýjungum.

Ég geri orð John Dewey að mínum:

„Menntun er ekki undirbúningur undir lífið. Hún er lífið sjálft“.

F.h. starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi,

Inga Dóra Halldórsdóttir



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI
www.simenntun.is